




ÁRSSKÝRSLA 2020

SKÝRSLA STJÓRNAR
ÁRSREIKNINGUR 2020



Starfsemi Tónverkamiðstöðvar

STARFSMANNAHALD OG STJÓRN

Starfsmenn Tónverkamiðstöðvar eru þrír; Valgerður G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri í 100% starfshlutfalli, Oliver Kentish sem starfar við afgreiðslu og skráningu í 34% starfshlutfalli og Aðalheiður Þorsteinsdóttir sem starfaði í 45% starfshlutfalli við flokkun, skönnun og skráningu á frumhandritum nótna og nótnagjöfum til miðstöðvarinnar, yfirferð á nótnasafni í Landsbókasafni og innleiðingu ISMN númera.

Skert starfsemi og tekjuskerðing vegna kórónuveirufaraldurs hafði umtalsverð áhrif á rekstur miðstöðvarinnar. Starfsmenn komu til móts við miðstöðina og samþykktu tímabundna lækkun á starfshlutfalli frá og með 1. september 2020. Valgerður, Aðalheiður og Oliver hafa frá þeim tíma unnið í 80% (Valgerður), 33% (Aðalheiður) og 20% (Oliver) starfshlutfalli. Þó heimsfaraldur sé ástæða skerðingarinnar verður ekki litið framhjá þeirri staðreynd að rekstrarstyrkur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins stendur ekki straum af rekstrarkostnaði öðrum en launa- og húsnæðiskostnaði. Laun og launatengd gjöld námu um 14 milljónum árið 2020 en árlegur rekstrarstyrkur ráðuneytis er 15,6 milljónir. Húsnæðiskostnaður var rétt um 1,4 milljón árið 2020 en miðstöðin hefur verið í afar hagstæðri leigu í Tónklasanum. Það er ljóst að tekjur af nótnasölu og leigu tónverka* standa straum af öðrum rekstrarkostnaði ásamt því að standa undir útgjöldum vegna kynningarstarfs. Styrkurinn hefur ekki hækkað til samræmis við hækkun launa- og rekstrarkostnaðar en samningur við Mennta- og menningarmálaráðuneytið rann út um áramótin 2018/19. Endurnýjun hans nú til skoðunar í ráðuneytinu með ósk um hækkun.

Frá aðalfundi 2019 skipa stjórn Tónverkamiðstöðvar þau Gunnar Andreas Kristinsson og Þuríður Jónsdóttir sem eru meðlimir í Tónskáldafélagi Íslands (TÍ), Egill Gunnarsson sem er utan TÍ og Bergljót A. Haraldsdóttir sem er fulltrúi RÚV í stjórn. Gunnar Andreas er formaður stjórnar en lög félagsins kveða á um að formaður stjórnar skuli vera annar af tveimur meðlimum í TÍ.

*Tónverk skrifuð fyrir fleiri en 12 hljóðfæri eru leiguverk

HÚSNÆÐISMÁL

Tónverkamiðstöð hefur verið starfrækt að Laugavegi 105 síðan í apríl 2014. Miðstöðin deilir þar húsnæði með öðrum tónlistartengdum aðilum. Aðrir fastir leigjendur í Tónklasanum á árinu 2020 voru ÚTÓN (Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar), Tónlistarborgin Reykjavík, Stelpur rokka, listrænn stjórnandi Myrkra músíkdaga, Iceland Sync og Íslandsútibú Sony Music Denmark.

Snemma árs 2020 tilkynnti Atvinnu- og nýsköpunarráðherra að Nýsköpunarmiðstöð Íslands yrði lögð niður um áramótin 2020/21. Nýsköpunarmiðstöð hefur rekið Tónklasan og frumkvöðlasetrið Hellinn í húsnæðinu að Laugavegi 105 og er leigusali Tónverkamiðstöðvar. Hinn 22. desember 2020 barst formleg uppsögn leigusamningsins. Í samningnum er vísað í húsaleigulög varðandi uppsagnarfrest og rennur uppsagnarfrestur Tónverkamiðstöðvar út í lok september 2021. Ljóst er að þessi ákvörðun setur húsnæðismál og þar með starfsemi aðila í Tónklasanum í uppnám. Öllum áskorunum fylgja þó ný tækifæri. Fljótlega eftir að ákvörðun ráðherra lá fyrir hófu Tónverkamiðstöð, Útón og Tónlistarborgin Reykjavík viðræður við Reykjavíkurborg um áframhaldandi nýtingu húsnæðisins undir tónlistartengd verkefni undir merkjum formlegs klasasamstarfs, tónlistarklasa. Ekki fékkst niðurstaða í viðræðurnar á árinu 2020 og var þeim haldið áfram á nýju ári.

Langtímageymsla nótna- og handritasafns Tónverkamiðstöðvar er í kjallara þjóðarbókhlöðunna í þar til úthlutuðum hillum.

GAGNAGRUNNUR

Skráningarkerfi Tónverkamiðstöðvar heitir Musicdirect og er gagnagrunnur miðstöðvarinnar en þar eru öll tónverk í safni miðstöðvarinnar skráð. Skráningar varpast svo yfir í vefverslun Tónverkamiðstöðvar (shop.mic.is). Musicdirect er í eigu norsku nótnaútgáfunnar Cantando sem skipti um eigendur á dögnum. Það var vitað að uppfærslna var þörf á kerfinu þar sem ljóst var að Adobe myndi hætta stuðningi við forritið Flash sem er nauðsynlegt til að komast inn í Musicdirect. Eftir mikla eftirgrennslan og engin svör frá Cantando bárust þau tíðindi að nýir eigendur myndu leggja kerfið niður. Þetta hefur allt þau áhrif að Tónverkamiðstöð verður að innleiða nýtt skráningar- og sölukerfi sem allra fyrst en sækja verður um sérstaka fjármögnun fyrir verkefninu.

HEIMASÍÐA

Ný íslensk heimasíða Tónverkamiðstöðvar fór í loftið rétt fyrir áramótin 2019/20 og enskur hluti hennar á vordögum 2020. Íslenski hluti síðunnar er upplýsingaveita um þjónustu miðstöðvarinnar fyrir tónskáld, upplýsingar um tækifæri fyrir tónskáld, styrki og annað. Eins er hún tenging fyrir kaupendur að nótum inn í vefbúð miðstöðvarinnar, shop.mic.is. Enska síðan er aðallega hugsuð sem tenging fyrir kaupendur að nótum, en einnig upplýsingaveita um samtímatónlist á Íslandi.

Tónverkamiðstöð heldur úti lista á heimasíðu miðstöðvarinnar með yfirliti yfir styrki sem tónlistarmenn á Íslandi geta sótt í hér innanlands og utan. Styrkjalistinn er mikið nýttur og vitnað til hans víða. Tónverkamiðstöð fær einnig reglulega tölvupósta um ýmsar tónsmíðakeppnir og residensíur fyrir tónskáld. Þessi tækifæri eru birt á samfélagsmiðlum Tónverkamiðstöðvar eftir því sem við á.

ÚTGÁFUSAMNINGAR

Jón Leifs er eina tónskáldið sem hefur verið með sérstakan útgáfusamning við miðstöðina þar sem getið er um að Tónverkamiðstöð sé eini útgefandi verka Jóns Leifs. Nær samningurinn til allra verka Jóns Leifs. Í samningnum er ákvæði um að 33% af höfundargreiðslum STEFs renni til Tónverkamiðstöðvar og hafa þessar greiðslur farið inn á sérreikning. Innistæða reikningsins stendur straum af kostnaði sem fellur til vegna umsýslu og viðhalds á tónverkum Jóns og hafa verkefnin fram að þessu helst snúið að tölvusetningum. Útgáfusamningurinn var framlengdur í apríl 2019 og framlengist sjálfkrafa um fimm ár sé honum ekki sagt upp með árs fyrirvara.

Fyrir nokkrum árum var ráðist í svokallaða Kórverkaútgáfu en þá voru gerðir sérstakir samningar við tónskáld um sérútgáfu Tónverkamiðstöðvar á samræmdri tölvusetningu á ákveðnum kórverkum. Verk í Kórverkaútgáfunni báru hærri höfundahlut en önnur kórverk en töluvert er síðan miðstöðin stóð að slíkri sérútgáfu nótna. Fjöldmörg kórverk hafa hins vegar bæst í safn miðstöðvarinnar síðan sem bera þá lægri höfundahlut en verk í Kórverkaútgáfunni. Til að gæta samræmis var tekin sú ákvörðun að frá og með 1. janúar 2021 bera öll kórverk (*a cappella* eða með einu meðleikshljóðfæri) í safni miðstöðvarinnar – 20% höfundahlut en að jafnaði er höfundahlutur 10% af söluandvirði nótna.

RÁÐGJÖF

Ráðgjöf er mikilvægur hluti af starfsemi Tónverkamiðstöðvar og er starfsfólk miðstöðvarinnar ætíð reiðubúið til samtals við tónskáld, flytjendur, tónlistarstjóra og skipuleggjendur tónlistarhátíða.

Nótnasafn

ISMN-NÚMER

ISMN-númer eru alþjóðlegur númerastaðall sérstaklega fyrir útgáfu nótna. Skammstöfunin stendur fyrir International Standard Music Number sem er hluti af ISO-staðlinum og er systurnúmerakerfi ISBN-númerakerfisins sem er notað í bókaútgáfu. Landsbókasafn Íslands úthlutar númeraröðum og er númeraröðin sem Tónverkamiðstöð er úhlutað bundin miðstöðinni sem útgefanda. Skrá yfir íslenska nótnaútgefendur og notendur ISMN-númera er svo hluti af International ISMN Database (<https://www.ismn-international.org/>).

Á árinu 2018 fékkst styrkur að upphæð tvær milljónir króna frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til innleiðingar ISMN-númerakerfis og dugar sá styrkur til að merkja öll ný tónverk sem miðstöðinni berast og um 20% af safninu, eða um 2000 tónverk. Innleiðing ISMN-númera hófst í lok árs 2018 og hélt áfram jafnt og þétt árið 2019. Hluti styrkuppþæðarinnar (80%) kom til greiðslu á árinu 2018 og stóð straum af þeirri vinnu árið 2019. Lokagreiðsla barst um mitt ár 2020 þegar skráningu um 2000 titla var lokið.

Við innleiðingu ISMN-númeramerkingar varð til nýtt verkferli hjá miðstöðinni en reynslan hefur sýnt að skráningin á eldri verkum er tímafrekari en ráð var fyrir gert. Áætlað var að skráningu þessa hluta safnsins lyki um mitt ár 2019 en raunin varð að henni lauk ekki fyrr en í maí 2020. Lokagreiðsla (20%) vegna þessa hluta barst þess vegna ekki fyrr en um miðbik ársins 2020.

Starfsmenn við skráningu vinna í hlutastörfum og tekur skráning ISMN-númera eldri verka um þriðjung starfstíma þeirra en þeir sinna einnig sölu, afgreiðslu og upplýsingagjöf ásamt öðrum störfum sem lúta að nótnasafninu. Nú, þegar búið er að númerasetja rétt tæplega tvö þúsund tónverk, sýnir reynslan okkur að skráning ISMN-númera á safneignina tekur lengri tíma að meðaltali en áætlað var upphaflega og þarf áfram að sækja nýtt fjármagn til að hægt sé að ljúka ISMN-skráningu alls nótnasafnsins. Umsókn um styrkveitingu ásamt verkefnisáætlun liggur inni hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Kórónuveirufaraldurinn árið 2020 hafði meðal annars í för með sér að minna var um beina umsýslu nótna vegna nótnasölu og leigu hljómsveitaverka. Þess vegna gafst aukið svigrúm til að yfirfara eldri verk, setja nýjar forsíður og skrá þau með ISMN-númeri. Á móti kemur að starfsmenn vinna nú í lægra starfshlutfalli og hefur það óhjákvæmilega áhrif á verkefnið.

NÓTNAGJAFIR

Tónverkamiðstöð berast iðulega nótnagjafir og einkasöfn til yfirferðar og skráningar. Þessi vinna er mjög tímafrek og þarf sérþekkingu til verksins. Aðalheiður Þorsteinsdóttir hefur haft veg og vanda af yfirferð og skráningu verka úr nótnagjöfum undanfarin ár. Á árinu 2020 sneru yfirferð og nýskráningar aðallega að verkasafni Atla Heimis Sveinssonar og Gunnars Reynis Sveinssonar ásamt því að lokið var að skrá upp úr safni Ingibjargar Þorbergs. Einnig afhenti Páll Ragnar Pálsson miðstöðinni handrit að verkum sínum til varðveislu.

TÖLVUSETNINGAR

Ráðgjöf er mikilvægur hluti af starfsemi Tónverkamiðstöðvar. Eitt af því sem kemur oft upp í spjalli við tónskáld er tölvusetning nótna, bæði bestu aðferðir og hvert skal leita. Á vefsíðu Tónverkamiðstöðvar eru leiðbeiningar um nótnasetningu eða tölvusetningu nótna sem eru uppfærðar í samráði við Össur Geirsson, ráðgjafa Tónverkamiðstöðvar.

Tónverkamiðstöð stendur eingöngu fyrir tölvusetningu handskrifaðra verka elstu kynslóðar tónskálda. Viðmiðunarreglan er að flutningur verks sé fyrirbyggjandi og viðkomandi verk sé eingöngu til í handskrifuðu handriti. Aðkoma Tónverkamiðstöðvar er háð fjármögnun tölvusetningarinnar og er sótt um styrk fyrir þeirri vinnu í Nótnasjóð STEFs.

NÓTNASALA


Tekjur af nótnasölu og leigu tónverka voru rétt um 16% af heildartekjum Tónverkamiðstöðvar árið 2020 og er það töluvert lægra hlutfall en undanfarin ár. Markmiðið er að nótnasalan standi undir sér, því rekstrarstyrkur miðstöðvarinnar frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu er ætlaður fyrir umsýslu nótnasafnsins og kynningarstarf. Hins vegar hefur nótnasalan einnig staðið undir kynningarstarfinu og hluta rekstrarins undanfarin ár þar sem beinn rekstrarstyrkur ráðuneytisins er ekki vísitölutengdur og hefur ekki hækkað í nokkur ár.

Tekjurnar eru almennt nokkuð breytilegar frá ári til árs en heimsfaraldur vegna Covid-19 markaði stór spor í rekstur miðstöðvarinnar á árinu 2020. Leiga tónverka er sem fyrr stór breyta í tekjuöflun Tónverkamiðstöðvar og skiptir hver pöntun miklu máli í heildarmyndinni. Sú staðreynd að tónleikahús um allan heim lokuðu, hljómsveitir lögðu niður starfsemi til lengri eða skemmri tíma og flytjendur héldu að sér höndum í tekjuskerðingu eða tekjuleysi, skilar sér beint í samdrætti í nótnaleigu.

Heildartekjur af sölu og leigu tónverka árið 2020 voru 3.324.529 kr. og drógust tekjurnar saman um rúmlega 40% frá árinu 2019. Meðfylgjandi er yfirlit af heildartekjum vegna sölu og leigu tónverka undanfarin fimm ár.


Orðspor og vitund um vefverslun Tónverkamiðstöðvar hafði byggst upp jafnt og þétt frá opnun hennar árið 2015 og var árið 2019 það söluhæsta í vefversluninni frá upphafi. Sala í vefverslun árið 2020 var hins vegar á pari við fyrsta heila ár vefverslunarinnar, árið 2016.

HEILDARSALA OG LEIGA TÓNVERKA 2016-2020




Á næstu mynd má sjá samanburð á mánaðarlegri og uppsafnaðri heildarsölu ársins 2020 borið saman við árið 2019. Hér er tekin saman sala og leiga tónverka sem fór fram í gegnum afgreiðslu, síma eða tölvupóst. Hér eru ekki taldar tekjur sem koma af sölu í vefverslun Tónverkamiðstöðvar.

MÁNAÐARLEG OG UPPSÖFNUÐ HEILDARSALA OG LEIGA TÓNVERKA 2019 OG 2020



MÁNAÐARLEG OG UPPSÖFNUÐ LEIGA TÓNVERKA 2019 OG 2020



Fimm stærstu viðskiptavinir Tónverkamiðstöðvar á árinu 2020 voru: I Care a Lot Productions, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Staatstheater Mainz, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Írská útvarpshljómsveitin RTÉ.

Vefverslun Tónverkamiðstöðvar, shop.mic.is, var opnuð haustið 2015 og hefur salan þar aukist jafnt og þétt frá opnun, eða allt þar til heimsfaraldur skall á. Heildarsala í vefverslun árið 2020 nam 914.121 kr. (miðað við 1.151.217 kr. árið 2019) og dróst þannig saman um rúm 20% milli ára. Það er vert að geta þess að á árinu 2020 voru 384 verk (vörunúmer) keypt í vefversluninni. Yfirlit yfir tíu mest seldu tónverkin í vefversluninni árið 2020 eru í meðfylgjandi töflu.

TÍU MEST SELDU TÓNVERKIN

VEFVERSLUN 2020

Titill	Tónskáld
1. <i>Vókalísa</i>	Hildigunnur Rúnarsdóttir
2. <i>Á Sprengisandi</i>	Sigvaldi Kaldalóns
3. <i>Heyr, himna smiður</i>	Þorkell Sigurbjörnsson
4. <i>Christ Was Born on Christmas Day</i>	Hafliði Hallgrímsson
5. <i>Heyr, himna smiður - danskur texti</i>	Þorkell Sigurbjörnsson
6. <i>Draumkvæði</i>	Haukur Tómasson
7. <i>Martröð</i>	Hildigunnur Rúnarsdóttir
8. <i>Hvild</i>	Hugi Guðmundsson
9. <i>Requiem op. 33</i>	Jón Leifs
10. <i>Ég vil lofa eina þá</i>	Bára Grímsdóttir

Eins og áður segir eru tekjur af leigu tónverka stærsti einstaki tekjupósturinn í rekstri og ársreikningi miðstöðvarinnar. Tíu tónverk eftir níu íslensk tónskáld voru leigð á árinu 2020 miðað við tuttugu og eitt árið 2019. Meðfylgjandi tafla sýnir verk sem voru leigð á árinu 2020, raðað eftir tónskáldum í stafrófsröð. Frumflutningur verka er sérstaklega merktur í töflunni.


LEIGÐ TÓNVERK Á ÁRINU 2020



Titill	Tónskáld
<i>Dimmalimm (sjö kaflar)</i>	Atli Heimir Sveinsson
<i>Vöggukvæði</i>	Emil Thoroddsen (úts. Jón Þórarinsson)
<i>Accordion Concerto</i>	f Finnur Karlsson
<i>Box</i>	Hugi Guðmundsson
<i>Fjórdi söngur Guðrúnar</i>	Haukur Tómasson
<i>Fiðlukonsert (kammerútgáfa)</i>	Haukur Tómasson
<i>Orgelkonsert</i>	Jón Leifs
<i>Íslenskt vögguljóð á Hörpu</i>	Jón Þórarinsson
<i>Lykillinn</i>	f Tryggvi M. Baldvinsson
<i>Þú ert</i>	Þórarinn Guðmundsson (úts. Jón Þórarinsson)

f = frumflutningur

Söluhæsta tónskáld Tónverkamiðstöðvar árið 2020 var Jón Leifs en hann hefur skipað það sæti undanfarin ár. Höfundalaun sem greiddast vegna ársins 2020 nema samtals 285.825 kr. og sýnir meðfylgjandi mynd hlutfallslega skiptingu þeirra milli þeirra 18 tónskálda sem fá greidd höfundalaun vegna sölu og leigu tónverka á árinu 2020.

SKIPTING HÖFUNDALAUNA VEGNA ÁRSINS 2020





KYNNINGARSTARF OG TENGLAMYNDUN

Eitt einkenni samtímatónskálda er að þau eru sjaldnast flytjendur eigin verka – ólíkt tónskáldum í öðrum geirum tónlistar. Til að verk þeirra heyrist þarf þess vegna að kynna tónverkin og gera þau aðgengileg flytjendum. Tónverkamiðstöð vinnur bæði beint og óbeint að kynningum á tónverkum í safni miðstöðvarinnar og nýtir til þess tengslanet sem byggst hefur upp í gegnum rúmlega fimmtíu ára starf. Ný tengslamyndun er mikilvæg sem og efling og ræktun þeirra tengsla sem fyrir eru. Með þetta að markmiði er Tónverkamiðstöð félagi í Alþjóðasambandi tónverkamiðstöðva (IAMIC) og fylgist vel með starfsemi annarra samtaka sem styðja við framgang samtímatónlistar, t.d. ISCM en Tónskáldafélag Íslands er félagi í þeim samtökum. Í venjulegu ári sækir framkvæmdastjóri fjölmarga viðburði; tónlistarhátíðir, ráðstefnur og fundi, bæði innanlands og erlendis. Eins og alkunna er bauð árið 2020 þó ekki upp á venjubundið kynningarstarf. Framan af ári 2020 fóru viðburðir fram nokkuð venjubundið eða allt fram að því að samkomutakmarkanir tóku gildi í fyrsta sinn.

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

Myrkir músíkdagar fóru fram um mánaðamótin janúar/febrúar. Hátíðin 2020 markaði 40 ára afmæli Myrkra músíkdaga en hátíðin er ein helsta lyftistöng samtímatónlistar á Íslandi. Aðkoma Tónverkamiðstöðvar að hátíðinni hefur verið mismikil í gegnum árin en miðstöðin hefur ávallt verið flytjendum og listrænum stjórnendum innan handar með upplýsingar um tónverk og veitt aðgengi að nótum. Á hátíðinni 2020 var miðstöðin í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands um svokallaðan *hlustunarklefa* þar sem gestir gátu hlýtt og horft á flutning tónverka og flett raddskráum um leið. Í samstarfi við Útón stóð Tónverkamiðstöð einnig að bröns – hittingi fyrir blaðamenn, listræna stjórnendur, flytjendur og tónskáld sem haldinn var í lðnó 1. febrúar 2020. Síðar á árinu hófst síðan undirbúningur að sérstakri dagskrá á Myrkum músíkdögum 2021 þar sem tónskáld geta kynnt sig og verk sín fyrir listrænum stjórnendum hljómsveita og hátíða, útgefendum og fleirum. Verkefnið hlaut heitið PODIUM. Hátíðinni 2021 var frestað vegna heimsfaraldurs og mun næst fara fram árið 2022.

MARKAÐSSETNING Á HLJÓMSVEITARVERKUM


Undanfarin ár hefur Tónverkamiðstöð í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands gefið öllum gestahljómsveitarstjórum gjöf með fjórum tónverkum, raddskráum (nótum) og upptökum en hljómsveitin starfar með mörgum hljómsveitarstjórum á hverju starfsári. Hljómsveitarstjórnarnir hafa mikið að segja um hvaða verk eru sett á dagskrá hjá sinfóníuhljómsveitum. Með gjöfinni fylgir lítill bæklingur með upplýsingum um verkin og þjónustu Tónverkamiðstöðvar.

CLASSICAL:NEXT

Classical:NEXT (C:N) er sölusýning og ráðstefna í sígildri og samtímatónlist. Ráðstefnan var fyrst haldin árið 2012 og hefur síðustu ár verið haldin í Rotterdam í Hollandi. C:N hefur fest sig í sessi sem einn helsti vettvangur til kynningar og tengslamyndunar á sviði sígildrar og samtímatónlistar. Þeir sem sækja ráðstefnuna eru ýmsir hag- og fagaðilar í sígildri og samtímatónlist, s.s. tónskáld, blaðamenn, hljómsveitarstjórar, listrænir stjórnendur hátíða, útgefendur og fleiri. Ísland hefur einu sinni verið með bás á Classical:Next en það þarf að veða og meta hagkvæmni og ágóða þess að vera með bás á slíkri sýningu. C:N er þó vænlegur vettvangur fyrir tónskáld, listræna stjórnendur o.fl. til að sækja sér tengsl og innblástur. Hátíðin fór ekki fram árið 2020 en efnt var til nokkurra vefviðburða.

IAMIC

Tónverkamiðstöð er aðili að Alþjóðasamtökum tónverkamiðstöðva (IAMIC) og situr framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar í stjórn samtakanna. Greitt er árgjald til samtakanna en stjórnarseta er ólaunuð. Meðlimir í IAMIC eru 35 frá 32 löndum sem vinna að því að byggja upp og viðhalda alþjóðlegu tengslaneti innan samtímatónlistar. Aðalfundur IAMIC var upphaflega skipulagður í tengslum við 250 ára afmæli Beethoven og átti að fara fram í Bonn í maí 2020 en var á endanum haldinn með fjarfundi í desember 2020. Þar fyrir utan fundaði stjórn nokkrum sinnum og meðlimir hittumst álnis og deildu óformlega reynslusögum úr heimsfaraldrinum og áhrifum hans á umhverfi samtímatónlistar í heimalöndum sínum.



Skjáskot frá aðalfundi IAMIC 2020

ISCM

Eftir að framkvæmdastjóri sótti ársfund ISCM (International Society of Contemporary Music) í Tallinn 2019, fyrir hönd Tónskáldafélagsins ræddu félögin um að Tónverkamiðstöð tæki yfir félagsaðildina. ISCM vinnur að framgangi samtímatónlistar og heldur árlega eina stærstu samtímatónlistarhátíð í heimi. Samtökin og hátíðin sjálf eru þess vegna mikilvægur

kynningarvettvangur samtímatónlistar. Hátíðin 2020 átti að fara fram á Nýja-Sjálandi. Heimsástandið varð þó til þess að ekki varð af hátíðinni og ekki varð af aðildarskiptum þetta árið.

PÚLS – HLAÐVARP TÓNVERKAMIÐSTÖÐVAR

Hlaðvörp hafa verið í sókn undanfarin misseri. Heimsfaraldurinn hafði þau áhrif að hefðbundin tækifæri til kynningar á íslenskum tónverkum urðu færri sem aftur varð til þess að ákveðið var að ráðast í gerð hlaðvarps Tónverkamiðstöðvar. Hlaðvarpið hlaut heitið PÚLS og fékkst styrkur úr Tónlistarsjóði fyrir hluta kostnaðar við gerð fjögurra hlaðvarpsþátta á árinu 2021.

SAMSTARF KYNNINGARMIÐSTÖÐVA SKAPANDI GREINA

Forstöðumenn kynningarmiðstöðva listgreina hafa ásamt formanni BÍL verið í samskiptum um málefni sem tengjast starfsemi miðstöðvanna og hagsmunum menningargeirans í heild. Miðstöðvarnar hafa eftir atvikum komið fram sameiginlega í opinberum samskiptum og eru, ásamt Tónverkamiðstöð: Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, Kvikmyndamiðstöð, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar, Miðstöð íslenskra bókmennta, Útón og Sviðslistasambandið fyrir hönd óstofnaðrar Sviðslistamiðstöðvar. Hópurinn var ásamt fleirum ráðgefandi og veitti umsögn um fyrirhugaðar aðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs.

TÓNLISTARMIÐSTÖÐ

Á árinu 2020 skipaði Mennta- og menningarmálaráðherra eftirtalda í starfshóp um Tónlistarmiðstöð:

Jakob Frímagn Magnússon, tilnefndur af ráðherra, formaður starfshópsins
 Bragi Valdimar Skúlason, tilnefndur af Samtóni
 Bryndís Jónatansdóttir, tilnefnd af Útón
 Eiður Arnarsson, tilnefndur af Félagi hljómplötuframleiðenda
 Gunnar Hrafnsson, tilnefndur af Bandalagi íslenskra listamanna
 María Rut Reynisdóttir, verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur
 Valgerður Guðrún Halldórsdóttir, tilnefnd af Tónverkamiðstöð
 Baldur Þórir Guðmundsson, fulltrúi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Skipun starfshópsins tók gildi 1. desember 2020 en fyrsti fundur starfshópsins var haldinn 11. janúar 2021. Hópurinn skilaði síðan skýrslu til ráðuneytisins 5. mars 2021. Samkvæmt skipunarbréfi var starfshópnum „ætlað að rýna umhverfi tónlistargeirans á Íslandi, skoða hvernig stuðnings- og sjóðakerfi tónlistar verði best skipulagt, leggja drög að tónlistarstefnu og skilgreina hlutverk og ramma Tónlistarmiðstöðvar sem ráðgert er að setja á laggirnar.“ Sólrún Sumarliðadóttir, áfangastjóri Menntaskóla í tónlist var ritari starfshópsins.



Frá vinnustofu og uppskerutónleikum Yrkju V með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sérverkefni

YRKJA

Yrkja er starfsþróunarverkefni Tónverkamiðstöðvar fyrir tónskáld. Verkefnið parar saman valin tónskáld úr ólíkum áttum við úrval íslenskra listastofnana. Markmið YRKJU er að veita tónskáldum hagnýta reynslu og undirbúa tónskáld fyrir faglega vinnu með hljómsveitum, kammersveitum, tónlistarhópum, hátíðum og öðrum listastofnunum. Tónskáld fá þannig tækifæri til að þróa hæfileika og listrænan metnað, fá starfsreynslu og mynda mikilvæg tengsl innan tónlistargeirans.

Fimmta Yrkju-verkefninu lauk á Myrkum músíkdögum 2020 þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti verkin *Lo and Behold* eftir Eygló og *Illusions of Explanatory Depth* eftir Sigurð Árna Jónsson en tónskáldin höfðu starfað að tónsmíðum fyrir hljómsveitina í um níu mánuði undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur. Bjarni Frímann Bjarnason stjórnaði hljómsveitinni og Elísabet Indra Ragnarsdóttir spjallaði við tónskáldin um verkin og þátttökuna í Yrkju. Tónleikarnir voru hljóðritaðir og sendir út af RÚV.

UNG-YRKJA

Ung-Yrkja er nýtt framtak undir hatti Yrkju ætlað tónsmíðanemum. Þar er leitað í brunn næstu kynslóðar tónskálda og var fyrsta verkefninu hleypt af stokkunum í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Í þessu fyrsta verkefni með Sinfóníuhljómsveit Íslands var markmiðið að draga fram þá aðila sem þegar brenna fyrir því að semja verk fyrir hljómsveit.

Auglýst var eftir umsóknum tónsmíðanema á háskólastigi þar sem þeim stóð til boða að verja tímabilinu frá 3. apríl 2020 til 29. janúar 2021 í UNG-YRKJU undir handleiðslu Önnu Þorvaldsdóttur, staðartónskálds Sinfóníuhljómsveitarinnar. Tónsmíðanemarnir fá innsýn í innra starf hljómsveitarinnar, þróa færni sína í að semja verk fyrir sinfóníuhljómsveit og að endingu verða verkin flutt á sérstökum tónleikum á Myrkum músíkdögum 2021. Tónskáldin fá jafnframt tækifæri til að vinna náið með hljóðfæraleikurum og hljómsveitarstjóra í sérstökum tónskáldastofum ásamt því að fá leiðbeiningar og ráðgjöf hjá Tónverkamiðstöð um frágang nótna að hljómsveitarverkum. Sjö umsóknir bárust og voru allar lagðar fyrir valnefnd. Í valnefnd sátu Anna Þorvaldsdóttir mentor verkefnisins, Tryggvi M. Baldvinsson tónskáld og deildarforseti Tónlistardeildar Listaháskóla Íslands og Gunnar Andreas Kristinsson tónskáld og stjórnarformaður Tónverkamiðstöðvar. Niðurstaða valnefndar var að bjóða þeim Hjalta Nordal, Ingibjörgu Elsu Turchi og Katrínu Helgu Ólafsdóttur að taka þátt í verkefninu.

Á heimasíðu Tónverkamiðstöðvar er yfirlit yfir verkefnið og tónskáldin sem tekið hafa þátt í Yrkju. Yrkju-verkefnið hefur notið styrkja frá Tónskáldasjóði RÚV og STEFs en Tónverkamiðstöð sækir um styrk fyrir tónsmíðavinnunni í Yrkju sem rennur að fullu til

tónskáldanna. Ekki er um styrkveitingar að ræða í tengslum við Ung-Yrkju þar sem verkefnið er ætlað tónsmíðanemum en Yrkja er ætluð starfandi tónskáldum.



Þátttakendur í Ung-Yrkju, Hjalti Nordal, Katrín Helga Ólafsdóttir og Ingibjörg Elsa Turchi á sínum fyrsta fundi með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

TÓNVERK 20/21

Salurinn í Kópavogi hafði frumkvæði að því að stofna til tónverkasamkeppni undir heitinu Tónverk 20/21. Auglýst var eftir umsóknum frá tónskáldum um að semja strengjakvartett fyrir Strokkvartettinn Sigga með Salinn sérstaklega í huga. Tónskáldin Ásbjörg Jónsdóttir, Gunnar Karel Másson, María Huld Markan Sigfúsdóttir og Sigurður Árni Jónsson voru valin til að semja tónverk. Tónverkamiðstöð var ráðgefandi samstarfsaðili en Lista- og menningarráð Kópavogs var einnig samstarfsaðili Salarins.



ÁRSREIKNINGUR 2020

ÁRITUN

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Íslenska tónverkamiðstöð vegna ársins 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og sundurlíðanir.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Hafnarfirði 28. maí 2021

f.h. ER ehf - Endurskoðun og reikningsskil,

Sævar G. Jónsson

Sævar G. Jónsson

ÁRITUN

SKOÐUNARMENN

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, höfum farið yfir ársreikning fyrir árið 2020 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 1. júní 2021

Haukur Tómasson (sign.)

Tryggvi M. Baldvinsson (sign.)

ÁRITUN

SKÝRSLA STJÓRNAR OG ÁRITUN FRAMKVÆMDASTJÓRA

Íslensk tónverkamiðstöð er hagsmunafélag og starfar í umboði þeirra einstaklinga sem eru félagar í henni.

Ársreikningur Íslenskrar tónverkamiðstöðvar fyrir árið 2020 sýnir hagnað að upphæð 97.987 kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir félagsins 3.790.418 kr. og bókfært eigið fé í árslok 1.073.630 kr.

Á árinu voru þrír starfsmenn á launaskrá hjá félaginu.

Það er álit stjórnar að ársreikningur sýni glögga mynd af þróun ársins og stöðu félagsins í árslok 2020, rekstrarangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. júní 2021

Gunnar Andreas Kristinsson,
stjórnarformaður (sign.)

Þuríður Jónsdóttir (sign.)

Egill Gunnarsson (sign.)

Bergljót Anna Haraldsdóttir (sign.)

Valgerður Guðrún Halldórsdóttir,
framkvæmdastjóri (sign.)

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur :			
Rekstrarstyrkur.....		16.000.000	15.600.000
Erlend sala.....		914.121	2.226.869
Raddleiga.....		777.330	2.324.977
Innlend sala.....		1.633.078	258.548
Aðrir styrkir.....		300.000	600.000
Réttindagreiðslur, innlendar.....		343.276	289.484
Réttindagreiðslur, erlendar.....		32.464	249.757
Hluti í FHF.....		81.506	0
	Rekstrartekjur samtals	20.081.775	21.549.635
Rekstrargjöld:			
Vörunotkun	4	275.620	0
Laun og tengd gjöld	5	14.671.776	16.428.601
Rekstur húsnæðis.....	6	1.410.676	1.615.386
Annar kostnaður	7	3.616.599	6.749.595
Styrkir.....		0	600.000
	Rekstrargjöld samtals	19.974.671	25.393.582
	Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	107.104	-3.843.947
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		9.762	10.242
Vaxtagjöld		-18.879	-21.143
	Samtals	-9.117	-10.901
	Hagnaður ársins	97.987	-3.854.848

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2020

	Skýr.	2020	2019
EIGNIR			
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Vörubirgðir.....		1.102.480	1.378.100
Viðskiptakröfur		272.743	301.376
Aðrar viðskiptakröfur.....		717.051	536.412
Handbært fé:			
Innistæður í innlánsstofnunum		1.698.144	2.127.818
	Veltufjármunir samtals	3.790.418	4.343.706
	Eignir alls	3.790.418	4.343.706

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

Eigið fé.

Óráðstaðað eigið fé.....	3	1.073.630	975.643
	Eigið fé samtals	1.073.630	975.643

Skuldir.

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir		0	70.197
Aðrar skammtímaskuldir	8	817.526	1.662.437
Ógreidd höfundarlaun.....		1.899.262	1.613.437
Ógreitt kreditkort.....		0	21.992
	Skammtímaskuldir samtals	2.716.788	3.368.063
	Skuldir samtals	2.716.788	3.368.063
	Skuldir og eigið fé alls	3.790.418	4.343.706

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2020

HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI:

	2020	2019
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi:		
Hagnaður (-tap) ársins	97.987	-3.854.848
	<u>97.987</u>	<u>-3.854.848</u>
VELTUFÉ FRÁ REKSTRI ALLS		
Breytingar rekstartengdra eigna- og skuldaliða:		
Skammtímakröfur, (-hækkun) lækkun	-152.006	1.015.860
Skammtímaskuldir, hækkun (-lækkun)	-651.275	1.896.563
	<u>-527.661</u>	<u>2.912.423</u>
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI ALLS	<u>-429.674</u>	<u>-942.425</u>
HÆKKUN (-LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ	<u>-429.674</u>	<u>983.883</u>
Handbært fé í ársbyrjun	2.127.818	2.086.360
HANDBÆRT FÉ 31.12. 2020.	<u>1.698.144</u>	<u>2.127.818</u>

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

1. STARFSEMI

Íslensk tónverkamiðstöð er hagsmunafélag og starfar á grundvelli laga um almenn fagfélög

2. REIKNINGSKILAAÐFERÐIR

Ársreikningur Íslenkrar tónverkamiðstöðvar fyrir árið 2020 er gerður í samræmi við lög og ársreikninga og settar reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

3. EIGIÐ FÉ

Yfirlit yfir breytingar á eiginfjárreikningum 2020.

Yfirfært frá fyrra ári	975.643	4.830.491
Hagnaður ársins 2020	97.987	-3.854.848
	<u>1.073.630</u>	<u>975.643</u>

4. VÖRUNOTKUN

Birgðir 01.01.....	1.378.100	1.378.100
Birgðir 31.12. virðisrýmun um 20%	-1.102.480	-1.378.100
VÖRUNOTKUN ÁRSINS	<u>275.620</u>	<u>0</u>

5. LAUN OG TENGD GJÖLD

Laun.....	11.529.986	12.924.265
Lífeyrissjóðsframlag.....	1.556.558	1.744.780
Tryggingagjald	830.995	968.158
Stjórnarlausn.....	500.000	410.800
Sjóðsgjöld.....	159.604	177.914
Annar starfsmannakostnaður.....	35.140	108.000
Kaffikostnaður.....	32.254	55.723
Slysatrygging launþega	27.239	38.961
LAUN OG TENGD GJÖLD ALLS	<u>14.671.776</u>	<u>16.428.601</u>

6. REKSTUR HÚSNÆÐIS

Húsaleiga.....	1.141.786	1.307.760
Vátrygging.....	137.145	232.586
Viðhald húsnæðis	131.745	75.040
REKSTUR HÚSNÆÐIS ALLS	<u>1.410.676</u>	<u>1.615.386</u>

SKÝRINGAR FRH.

7. ANNAR KOSTNAÐUR

Höfundarlaun v/sölu og leigu tónverka.....	898.060	2.227.486
Ferðakostnaður.....	0	790.173
Tækjaleiga.....	464.952	540.839
Reikningshald og skattskil.....	695.619	490.441
Pappír, prentun og ritföng	38.992	422.399
Rekstur tölvukerfis.....	414.082	367.374
Aðkeypt þjónusta.....	143.112	357.750
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	13.486	292.710
Tónleikar, viðburðir, aðgangseyrir.....	9.781	192.930
Sími og net.....	181.735	184.725
Ráðstefnukostnaður.....	0	120.014
Félagsgjöld.....	288.226	116.284
Burðargjöld.....	32.110	114.070
Funda- og viðskiptakostnaður.....	48.944	106.336
Posaleiga.....	59.354	95.679
Paypal þóknun.....	68.518	83.805
Aðkeyptur akstur.....	19.780	78.340
Flutningskostnaður.....	0	43.424
Afskrifaðar kröfur.....	0	38.056
Bankakostnaður og þjónustugjöld.....	48.959	35.349
Vörukaup.....	122.254	0
Erlend vörukaup.....	18.497	16.855
Gjafir og styrkir.....	0	14.545
Auglýsingar.....	47.668	13.816
Bílastæðasjóður.....	2.470	6.195
ANNAR KOSTNAÐUR ALLS	3.616.599	6.749.595

8. AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR

Ógreidd laun.....	358.541	0
Skattar starfsmanna	268.834	0
Lífeyrissjóður starfsmanna	190.151	0
AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR ALLS	817.526	0

ÍSLENSK TÓNVERKAMIÐSTÖÐ
LAUGAVEGI 105
105 REYKJAVÍK

MIC.IS
SHOP.MIC.IS

